

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 70/2006

frá 2. júní 2006

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2006 frá 28. apríl 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1552/2005 frá 7. september 2005 um hagskýrslur varðandi starfsþjálfun í fyrirtækjum ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1553/2005 frá 7. september 2005 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins varðandi tekjur og lífskjör ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1722/2005 frá 20. október 2005 um meginreglur um mat á húsnæðisþjónustu að því er varðar reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1287/2003 um samræmingu vergra þjóðartekna á markaðsvirði ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar COM(2005) 217 frá 25. maí 2005 um óhæði, trúverðugleika og rekjanlega ábyrgð hagskýrsluyfirvalda í hverju landi og í Banda laginu ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18p (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 13/2005):

„18q. **32005 R 1552**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1552/2005 frá 7. september 2005 um hagskýrslur varðandi starfsþjálfun í fyrirtækjum (Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 175, 29.6.2006, bls. 103, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 29.6.2006, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 6.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 276, 21.10.2005, bls. 5.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 172, 12.7.2005, bls. 22.

Reglugerð þessi gildir ekki að því er varðar Ísland og Liechtenstein.“

2. Eftirfarandi bætist við í lið 18i (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003):

„, eins og henni var breytt með:

- **32005 R 1553**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1553/2005 frá 7. september 2005 (Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 6).“

3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 19t (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1161/2005):

„19u. **32005 R 1772**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1722/2005 frá 20. október 2005 um meginreglur um mat á húsnæðisþjónustu að því er varðar reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1287/2003 um samræmingu vergra þjóðartekna á markaðsvirði (Stjtíð. ESB L 276, 21.10.2005, bls. 5).“

4. Eftirfarandi bætist við á eftir lið 17b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 831/2002):

„*GERÐIR SEM SAMNINGSADILAR SKULU TAKA MIÐ AF*

Samningsaðilar skulu taka mið af efni eftirtalinnar gerðar:

- 17c. **52005 PC 0217**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar COM(2005) 217 frá 25. maí 2005 um óhæði, trúverðugleika og rekjanlega ábyrgð hagskýrsluyfirvalda í hverju landi og í Banda laginu (Stjtíð. ESB L 172, 12.7.2005, bls. 22).“

2. gr.

Norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1552/2005 og íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1553/2005 og 1722/2005 og tilmæla COM(2005) 217, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. júní 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. júní 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

